

Nd.

93. Frumvarp til laga

[63. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku handa ríkissjóði.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 15 milljón króna innanríkislán handa ríkissjóði. Skal fé þessu varið til greiðslu á lausaskuldum ríkissjóðs. Tilhögun lánsútbóðsins skal nánar ákveðin með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni fjármálaráðherra, og hafa einstakir nefndarmenn óbundnar hendur um að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Á undanförunum árum hefur Alþingi samþykkt löggjöf um margvíslegar framkvæmdir, sem ríkisstjórninni hefur verið ætlað að afla fjár til með sérstökum lántökum. Jafnframt hafa verið lagðar á ríkissjóð ábyrgðir á lántökum til ýmissa annarra framkvæmda, sem nema tugmilljónum króna. Vegna hinnar miklu eftirspurnar eftir lánsfé hefur ekki reynzt auðið að afla nema hluta þess lánsfjár, sem nauðsynlegt hefur verið til framkvæmdanna, og hefur því ríkissjóður orðið til bráðabirgða að leggja fram mikið fé, umfram hin föstu lögboðnu útgjöld sín. Jafnhliða hefur svo ríkissjóður orðið fyrir miklum útgjöldum vegna ábyrgðarskuldbindinga sinna. Hefur þetta haft í för með sér söfnun mikilla lausaskulda í Landsbankanum, sem bæði eru mjög óhagstæðar fyrir ríkissjóð og geta auk þess ekki staðið til langframa.

Í sumar ákvað ríkisstjórnin að reyna almennt lánsútbóð innanlands í formi happdrættisláns, sem mjög hafa tíðkapt erlendis. Var boðið út 15 millj. kr. lán á þennan hátt og stuðzt þar við ýmsar gildandi lántökuheimildir, enda fénu varið til greiðslu skulda vegna þeirra. Þessi lánstilhögun reyndist svo vel, að öll skuldaþréfin seldust á tæpum mánuði, og hefði verið auðið að selja mun meira. Þrátt fyrir þessa lántöku nema lausaskuldir ríkissjóðs við Landsbankann enn um 37 millj. kr. Allmikið af skuld þessari er vegna hinna venjulegu útgjalda ríkisins og greiðist væntanlega, þegar innheimtar hafa verið allar tekjur ríkissjóðs á þessu ári, en svo mikill hluti hennar stafar þó af útgjöldum vegna annarra fjárskuldbindinga ríkissjóðs, einkum ábyrgðarskuldbindinga, að ríkisstjórnin telur nauðsynlegt að fá sérstaka lántökuheimild til greiðslu á þeim lausaskuldum. Er ætlunin að hafa svipaða tilhögun á þessari lántöku og hinu fyrra happdrættisláni.